

Ársskýrsla
Byggðasafns Vestfjarða
fyrir árið 2022

Starfsemin.

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða var með hefðbundnu sniði árið 2022. Safnið var opið daglega frá kl. 10 -17 frá 16. maí til 31. ágúst, 11-15 til 15. september og eftir samkomulagi, um páska og aðra og þriðju helgi jólaföstu auk fimmtudagsins 22. desember. Þetta er nokkuð styttri opnunartími yfir sumarið en var fyrir covid en nokkuð lengri en á síðasta ári.

Aðgangseyrir var 1500 kr., 1100 kr. fyrir eldri borgara og hópa fleiri en 10. Frítt var fyrir börn á grunnskólaaldri. Verð til hópa á vegum Vesturferða var 950 kr.

Fastir starfsmenn voru Finney Rakef Arnadóttir safnafræðingur sem fór tímabundið úr 80% í 40% stöðu á árinu, Jóna Símónía Bjarnadóttir forstöðumaður 100% og Þorsteinn Traustason sem eftirlitsmaður með húsum safnsins, lóð og bátum í 50% stöðu.

Auk þeirra voru sumarstarfsmenn Gunnar Smári Rögnvaldsson, Eldar Arnarson og Herbert Snorrason. Áslaug Jóhanna Jensdóttir vann við skráningar um vorið í 3 mánuði. Berglind Björk Sveinsdóttir var tímabundið í vetur vegna vinnu við aðföng og jólasýningu safnsins. Þá hljóp Rúna Esradóttir í skarðið ef nauðsyn krafði.

Gestir safnsins.

Gestir safnsins árið 2022 voru tæplega 12000, sem er mikil aukning frá síðasta ári. Að venju heimsóttu fjölmargir Neðstakaupstað en mjög mikið munaði um að fá skemmtiferðaskip þetta árið. Aðgangstekjur voru rúmar 12 milljónir milljónir króna en gert var ráð fyrir rúmum 10 milljónum í áætlun í upphafi árs.

Tekið var á móti hópum frá Háskólasetrinu á árinu en íslenskunemar eru mjög duglegir að heimsækja okkur. Skólahópar frá grunnskólanum og leikskólum heimsóttu okkur um haustið og á jólaföstu. Aðsókn á safnið á jólaföstu var mjög góð en ekki er rukkað inn á sýninguna en gestum gafst kostur á að kaupa heitt súkkulaði.

Í júní heimsótti forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, safnið ásamt fylgdarliði sínu.

Hagræðing og aðhaldsaðgerðir.

Áfram var reynt að draga úr kostnaði við rekstur safnsins eins og mögulegt er án þess þó að slíkt bitni á safneigninni.

Fundarhöld, ráðstefnur og fræðsla.

Fundarhöld og ráðstefnur fóru aftur í gang á árinu. Jóna Símonía sat alþjólega ráðstefnu ICOM í Prag þar sem ný safnaskilgreining var samþykkt. Þá sat hún fundi SÍS – sambands íslenskra sjóminjasafna en hún er ritari stjórnar. Starfsmenn sóttu farskólann sem þetta árið var haldinn á Hallormsstað og fékk til þess styrk úr safnasjóði. Þá sótti Jóna Símonía námskeið í siðareglum ICOM.

Safnið stóð fyrir tveimur námskeiðum fyrir safnafólk á árinu. Annarsvegar um forvörslu á pappír sem Karen Sigurkarlsdóttir hélt og hinsvegar um ljósmyndir sem safngripi sem Þórir Ingvarsson var með. Bæði námskeiðin voru styrkt af safnasjóði.

Þá tók safnið þátt í málþinginu „Verkþekking við sjávarsíðuna-arfur til auðs“ á vegum Vitafélagsins og fram fór á Flateyri í lok marz.

Þá var unnið í handriti fyrir innslögin “Komdu í Neðsta” en safnasjóður styrkti verkefnið. Vegna veðurs reyndist ekki mögulegt að ljúka tökum fyrir árslok 2022 en þráðurinn verður tekinn upp strax á nýju ári.

Sýningar og samstarf.

Enn er unnið í sýningunni á 1. hæð og var sótt um styrk í safnasjóð fyrir árið 2023 til að vinna gagnvirkt efni og spjöld. Endanlegum breytingum á grunnsýningu verður ekki lokið fyrr en 2025.

Safnið tók þátt í sögusýningu um Húsmæðraskólan Ósk sem opnaði í gamla húsnæði skólans og nú Tónlistarskóla Ísafjarðar í lok marz.

Safnið tók þátt í Umhverfingu 4 listsýningu sem sett var upp víða um Vestfirði. Rósa Sigrún Jónsdóttir sýndi verk tileinkuð Hornstrendingum á 2. hæð Turnhússins og í Hornstrandastofu.

Laugardag 11. júní opnaði sýning á fiskikortum í safninu. Um er að ræða handgerð fiskikort byggð á lóran úr fórum Guðjóns Arnars Kristjánssonar, Bernhard Överby og Kristjáns Jóakimssonar. Það voru Kristján Andri Guðjónsson og bræður hans sem gáfu kortin til safnsins.

Í október opnaði sýningin Skipstjórnarnám á Vestfjörðum í 170 ár. Um var að ræða samstarfsverkefni Menntaskólans á Ísafirði, Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og Háskólaseturs Vestfjarða og safnsins.

Safnið tók þátt í Veturnóttum með tveimur sýningum, annars vegar Skipstjórnarnám á Vestfjörðum í 170 ár og hinsvegar sýningu Freyju Rein – Verur á vappi.

Þá var áfram unnið í safnbúðinni og nýjar vörur teknar inn í desember.

Sett var upp jólasýning í desember og safnið opið tvær helgar, líkt og áður hefur komið fram. Tekið var á móti skólahópum á sýninguna sem og eldri borgurum.

Þá var safnið með innlegg í sjónvarpsþættinum Landinn fyrsta sunnudag aðventu og tók þátt í safnasumri á Rúv og söfn á Íslandi í Fréttablaðinu. Þá lagði safnið til efni í jóladagatal FÍSOS. Safnið var og er í samstarfi við kvikmyndagerðarmenn vegna upptöku á íslenskri kvikmynd á Vestfjörður vorið 2023.

Bárðarslippur.

Ekkert var unnið við slippinn á árinu frekar en árin á undan. Þó var tekið til á svæðinu í árslok og allt rusl og ónýtt timbur fjarlæggt. Byggðasafn Vestfjarða hefur staðið að fjármögnun við viðgerð slippins hingað til. Ekki tókst að afla styrkja til frekari framkvæmda. Óhjákvæmilegt er að láta þess getið að slippurinn er í eigu Ísafjarðarbæjar sem fól safninu hann til umsjónar og varðveislu árið 2007.

Aðeins um báta safnsins.

Bátar safnsins eru 15, að auki eru tveir sem eru fóstraðir fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Vegna aðhaldsaðgerða var ákveðið að lágmarka alla vinnu við þá, þrátt fyrir að meira hafi verið gert en árið 2020. Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

1. Gunnar Sigurðsson Ís 13. Báturinn var tekinn á land haustið 2018 og ekki sjósettur 2019 og 2020. Hann var sjósettur haustið 2021 til að athuga með leka og fannst leki aftarlega sem stefnt er á að gera við vorið 2022. Ekki tókst að fjármagna lagfæringar og bíður hann enn um sinn að komast á flot.
2. Jóhanna Ís 159. Báturinn var tekinn á land haustið 2018 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins og hann sjósettur sumarið 2020. Hann var svo málaður í sumarbyrjun 2021 og aftur 2022 þegar veður gaf og fór á flot.
3. Gestur frá Vigur. Báturinn var tekinn á land haustið 2018 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins og hann sjósettur sumarið 2020. Hefur verið sjósettur öll sumur síðan. Vélin hefur verið í yfirhalningu síðan 2021 en von er til þess að þeirri vinnu ljúki á vordögum 2023. Dyttað er að honum eftir þörfum.
4. Eljan Ís 590. Ekki var unnið við bátinn og var hann ekki sjósettur. Hann var búinn undir vetrargeymslu á svæði safnsins. Styrkur fékkst í viðgerðir 2022 en hún komst ekki í hús fyrr en í desember það ár og er nú unnið í henni með styrk frá minjasjóði og HG.
5. Sædís var við bryggju fram á haustið 2018 og þá tekinn á land. Hefur ekki verið sjósett aftur.
6. María Júlía BA 36. Hreyfing komst á mál MJ á árinu þegar ríkið veitti til hennar 15 milljónum til að hægt væri að koma henni í slipp á Akureyru. Þar fer hún í fyrstu lagfæringar en fer svo þaðan til Húsavíkur þar sem unnið verður í henni eftir því sem fjármagn fæst. Fjárlög næstu tvö árin kveða á um 15m hvort ár. Beðið er veðurs að koma henni norður.

Vélsmiðja G.J. Sigurðssonar á Þingeyri.

Smiðjan var því miður ekki opin sumarið 2022 nema fyrir hópa sem óskuðu þess sérstaklega og sá þá Kristján Gunnarsson um að taka á móti. Enginn starfsmaður fannst til að sinna safninu.

Geymslumál

Safnið hefur sára þörf fyrir geymsluaðstöðu fyrir stærri hluti sem geymdir eru á nokkrum stöðum og einnig báta safnsins, sem teknir eru á land yfir vetrarmánuðina. Mjög brýnt er að þessi vandi verði leystur á allra næstu árum en skoða mætti þau mál í samhengi við sára vöntun Héraðsskjalasafnsins, Ljósmyndasafnsins og Listasafns Ísafjarðar fyrir geymslurými.

Nathalie Jacqueminet forvörður kom til safnsins í júlí og yfirfór geymslur og veitti ráðgjöf við forvörslu sem og frágang í geymslur. Heimsóknin var styrkt af safnasjóði. Þá var haldið áfram að vinna í endurskipulagningu á aðal geymslu safnsins í Neðstakaupstað. Nathalie veitti jafnframt ráðgjöf vegna Hlíðar í Dýrafirði og elsta legsteins í Eyrarkirkjugarði á Ísafirði.

Í lok árs 2021 hófst vinna við að tæma húsnæði í Hnífsdal sem safnið hafði afnota fyrir muni Kvenfélagsins Ósk. Því verkefni lauk fljótlega á árinu 2022.

Skráning muna.

Unnið var við skráningu á árinu fyrir styrk úr safnasjóði. Um það sá Herbert Snorrason sem yfirfór jafnframt allar skráningar svo nú er til heildaryfirlit yfir allar skráningar sem hafa verið gerðar. Ljóst er að all nokkur vinna verður að samræma alla skráningu.

Aðföng til safnsins hafa aukist frá því sem var síðustu ár og má vafalaust þakka það auknum sýnileika safnsins á hinum ýmsu miðlum.

Stjórn safnsins.

Ný stjórn tók við eftir kosningar og er skipuð bæjarstjóra Ísafjarðar Birgi Gunnarssyni sem sat til vors og Örnú Láru Jónsdóttur, Jóni Páli Hreinssyni bæjarstjóra í Bolungarvík og Braga Þór Thoroddsen sveitarstjóra í Súðavíkurreppi. Ísafjarðarbær annaðist bókhald safnsins og einnig launabókhald. KPMG gekk frá ársreikningi safnsins.

Tekið saman af Jónu Símoníu Bjarnadóttur forstöðumanni í janúar 2023.